
Efnisvinnsla í sjó við Landeyjahöfn

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 22. desember 2022 barst Skipulagsstofnun matsáætlun HeidelbergCement Pozzolaníc Materials vegna efnistöku úr sjó við Landeyjahöfn samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Rangárþings eystra, Vestmannaeyjabæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, HS-Veitna, Landhelgisgæslunnar, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Mílu, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Póst- og fjarskiptastofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Fréttablaðinu 7. janúar 2023. Hún var til kynningar hjá Skipulagsstofnun og skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss og var einnig aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar. Kynningartími matsáætlunar var frá 8. janúar til 23. febrúar 2023.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Matsáætlun – Efnisvinnsla í sjó við Landeyjahöfn. Mannvit - Heidelberg Materials, janúar 2023.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi dags. 15. febrúar 2023
- Rangárþingi eystra dags. 9. febrúar 2023
- Vestmannaeyjabæ dags. 10. febrúar 2023
- Fiskistofu dags. 19. janúar 2023
- Hafrannsóknastofnun dags. 12. febrúar 2023
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 13. febrúar 2023
- HS Veitum dags. 5. febrúar 2023
- Landhelgisgæslu Íslands dags. 7. febrúar 2023
- Landsneti dags. 7. febrúar 2023
- Minjastofnun Íslands dags. 6. febrúar 2023
- Mílu dags. 9. janúar 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 8. febrúar 2023
- Orkustofnun dags. 8. febrúar 2023
- Samgöngustofu dags. 16. febrúar 2023
- Umhverfisstofnun dags. 8. febrúar 2023
- Vegagerðinni dags. 13. febrúar 2023

Jafnframt barst umsögn frá:

- Landvernd dags. 6. febrúar 2023
- Ljósleiðaranum dags. 6. febrúar 2023



Ekki barst umsögn frá Póst og fjarskiptastofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 28. febrúar 2023.

3 Framkvæmd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform HeidelbergCement Pozzolanic Materials ehf (HPM) áformar efnistöku undan strönd Landeyjar- og Eyjafjallasands og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Efnistakan fer fram utan netlaga sem eru skilgreind 115 m út frá stórstraumsfjöruborði. Fyrirhugað efnistökusvæði liggur undan strönd Landeyjasands og Eyjafjallasands og einkennist af sandströnd, þykkum setlögum og haf- og öldustraumum. Framburður Markarfljóts setur svip sinn á umhverfið og formfræði Bakkafjöru en áin rennur til sjávar undan Eyjafjöllum austan Landeyjasands. Vesturhluti efnistökusvæðisins liggur undan strönd Landeyjasands, sandurinn er loft- og sjávarborinn og hefur slétt yfirborð. Austurhluti efnistökusvæðisins liggur undan strönd Eyjafjallasands sem er sléttur, víðáttumikill og með ósum. Á milli austur- og vesturhluta efnistökusvæðisins liggur siglingaleið Herjólfss á milli Landeyjahafnar og Vestmannaeyjahafnar, en einnig eru vatnslagnir og rafstrengur á milli lands og eyja. Efnistökusvæðið sjálft er á hafsvæði sem einkennist af sendnum botni og þykkum setlögum sem hallast út frá landi. Dýpi er á bilinu 5-40 m en öldugangur er mikill og veldur róti á hafsbotninum svo dýpi á svæðinu er mjög breytilegt. Markmið með fyrirhugaðri efnistöku er að sækja jarðefni sem íauka í sement í stað hluta sementsgjalls. Fyrirhugað er að vinna um 60-75 milljónir m³ af efni á efnistökusvæðinu og áætlað að það taki um 30 ár, miðað við að árleg efnistaka sé um 2 milljónir m³.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar HPM.

4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Valkostir

Í matsáætlun HPM kemur fram að umfangsmikið svæði verði skoðað í umhverfismati. Gert sé ráð fyrir að nálgun umhverfismats verði á þann hátt að ekki verði samanburður valkosta þar sem um mjög einsleitt svæði að ræða. Þess í stað verði rannsóknir nýttar til þess að afmarka betur vinnslusvæði þannig að áhrif á strönd, setflutninga og lífríki verði í lágmarki.

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að



umhverfismat framkvæmdarinnar verði nýtt til að bera saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem til greina koma. Slíkir valkostir geta falist í afmörkun efnistökusvæða þegar fyllri rannsóknir liggja fyrir og unnt er að taka afstöðu til útfærslu efnistökunnar með hliðsjón af umhverfisáhrifum hennar.

Takmarkanir á efnistöku

Í kafla 6.4 í matsáætlun kemur fram að milli lands og Vestmannaeyja liggja vatnsleiðsla og rafstrengur en veiðar með öllum veiðafærum séu bannaðar á því svæði.

Í umsögn HS Veitna, Landhelgisgæslu Íslands, Landsnets, Ljósleiðarans kemur fram að ef hróflað verði við sjávarbotni innan helgunarsvæðis lagna á svæðinu geti það raskað öryggi allra lagna á svæðinu, bæði raf-, fjarskipta- og vatnslagna. Samkvæmt reglugerð 732/1997 séu allar veiðar bannaðar á afmörkuðu svæði. Mælt sé til að horft sé til þessarar reglugerðar og ekki verði hróflað við sjávarbotni innan þessa svæðis.

Í svörum HPM kemur fram að fjallað verði nánar um lagnir á svæðinu í umhverfismatsskýrslu og hvernig vinnslu verði háttáð á efnistökusvæðum sem tryggja að ekki sé hætt á að lagnir verði fyrir áhrifum. Við líkanreikninga verði mismunandi valkostir skoðaðir m.t.t. staðsetningar vinnslusvæða og vinnsluaðferða (m.a. dýpi efnistöku á hverjum stað). Niðurstöður þessara reikninga, sem verði kynntar í umhverfismatsskýrslu, muni leiða í ljós hvernig hægt verði að afmarka vinnslusvæði, m.a. með tilliti til fiskveiðibannssvæðis.

HPM vill benda á að stærð þess svæðis sem bann við fiskveiðum gildi á sé mun stærra en til þarf til verndar lögnunum miðað við nútíma vinnsluaðferðir. Til marks um það sé heimilt að losa efni úr Landeyjahöfn innan þessa svæðis. HPM telur því ekki tímabært á þessu stigi í verkefninu að útiloka efnistöku innan verndarsvæðis, þó ljóst sé að hún verði takmörkunum háð.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að HPM sýni í umhverfismatsskýrslu fram á hversu stórt svæði þurfi að lágmarki að friða fyrir efnistöku svo ekki sé hætt á því að lagnir milli lands og Vestmannaeyja verði fyrir hnjaski.

Lífríki sjávar

Í kafla 5.1 er fjallað um mat á lífríki sjávar. Þar kemur m.a. fram að hafsbótningur verði raskað þar sem efnistaka muni fara fram.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að á svæðinu er fjölbreytt samfélag fiska, m.a. þorskur og loðna á hrygningarstöðvum. Líklegt sé að á svæðinu séu uppeldissvæði flatfiska og gönguleiðir laxfiska. Þá er hægt að ganga út frá því að botnlífverur þrífist á svæðinu þrátt fyrir að mælingar séu ekki til staðar. Ekki sé fullnægjandi að staðfesta áhrif á lífverur innan áhrifasvæðisins, enda séu áhrif nær óhjákvæmilega til staðar, heldur þurfi að greina hver áhrifin séu, hve umfangsmikil þau séu og hverjar afleiðingar þeirra kunna að vera. Sem dæmi má taka annars vegar seiði flatfiska og hins vegar hrygningarþorsk. Það er t.d. líklegt að áhrif af efnistöku á seiði flatfiska séu algjör og óafturkræf en mjög staðbundin. Hvað varðar áhrif á hrygningarþorsk má vera að áhrifin séu minni á fiskinn sjálfan en sé hrygningu raskað verði afleiðingarnar mjög afdrifaríkar og umfangsmiklar.

Skipulagsstofnun tekur undir með Hafrannsóknastofnun um mat á áhrifum á lífríki sjávar. Í umhverfismatsskýrslu þarf að greina áhrif framkvæmdanna á lífríki áhrifasvæðisins, umfang áhrifanna og afleiðingar þeirra. Nauðsynlegt er að upplýsa um hrygningarsvæði, uppeldisstöðvar sjávarlífvera eða mikilvæg fæðusvæði fyrir aðrar lífverur. Skoða þarf áhrif á fuglalíf og þá sérstaklega sjófugla líkt og Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á.

Setflutningar og strandrof

Í kafla 5.2 í matsáætlun er fjallað um strauma og setflutninga. Fram kemur að rannsaka þurfi strauma og setflutninga á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Einnig þurfi að skoða hvaða áhrif efnistakan



gæti haft á setflutninga og mögulega á strandrof við strandlengjuna. Gert er ráð fyrir að Vegagerðin muni annast rannsóknir á þessum umhverfisþáttum í samstarfi við aðra aðila.

Í umsögn Rangárþings eystra er talið mikilvægt að meta áhrif efnistöku á landbrot.

Í umsögn Vegagerðarinnar er bent á að nauðsynlegt sé að skoða hvort efnistaka hafi áhrif á ölduhreyfingu og strauma við Landeyjahöfn.

Í svörum HPM kemur fram að líkanreikningar sem unnir verði munu einnig leiða í ljós hvort efnistaka get haft áhrif á öldufar. Hliðaráhrif þess gæti orðið aukið strandrof, áhrif á Landeyjahöfn eða á sjófarendur. Fjallað verði um þessa þætti í umhverfismatskýrslu í samhengi við niðurstöðu líkanreikninga.

Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að áhrif framkvæmdanna á öldufar, sjógang í og við Landeyjahöfn og breytingu á strandrofi verði metin. Gera þarf grein fyrir því í umhverfismatskýrslu hvort og þá hvernig það breytist við efnistöku.

Hættur

Í umsögn Rangárþings eystra kemur fram að viðvera dæluskips svo nálægt strandlengju sveitarfélagsins geti skapað ýmsar hættur sem áhrif geti haft á lífríki og umhverfi. Beri þar hæst að nefna olíumengun.

Í svörum HPM kemur fram að í umhverfismatskýrslu verði fjallað um umhverfis- og öryggiskröfur sem framkvæmdaraðili geri í starfsemi sinni til þess að draga úr eða koma í veg fyrir slys eða óhöpp sem geti á endanum einnig valdið umhverfistjóni.

Skipulagsstofnun telur með hliðsjón af umsögn Rangárþings eystra nauðsynlegt að leggja mat á mögulegar hættur sem fylgja fyrirhugaðri starfsemi. Í umhverfismatskýrslu þarf jafnframt að gera grein fyrir þeim aðgerðum sem framkvæmdaraðili hyggst viðhafa til að fyrirbyggja eða bregðast við ef slíkar vár gera vart við sig.

Gruggmyndun

Í framkvæmdalýsingu í matsáætlun, kafla 2.4.1 efnistaka og tækjabúnaður, kemur fram að gert sé ráð fyrir að beita yfirborðsdælingu sem byggi á því að dælurör sé dregið við hafsbotninn og efsta lagi hans flett ofan af efni sem dýpra liggja. Við dælinguna berist efnið með sjó í lest skipsins. Þegar þessi blanda hafi fyllt lestina, fari dæluvökvinn að renna fyrir borð. Í honum sé að jafnaði nokkurt magn efnis í sviflausn. Við þetta geti myndast gruggflekki við skipið.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að á svæðinu sé fíngert set og við dýpkun Landeyjahafnar myndist mikið grugg við athafnasvæðið. Skoða þurfi vel magn grugglausna við dælingu og áhrif þess á nærliggjandi umhverfi.

Í svörum HPM kemur fram að samkvæmt niðurstöðum rannsókna falli meginhluti gruggs niður beint undir dæluskipinu. Erlendar rannsóknir sýni að grugg hafi áhrif á lífríki utan náma, en nokkuð ört dragi úr áhrifum með fjarlægð frá námu. Vægi áhrifa stjórnað af verndargildi þeirra lífvera sem verða fyrir áhrifum vegna gruggs.

Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun og telur nauðsynlegt að í umhverfismatskýrslu verði gerð grein fyrir umfangi gruggs og mögulegum áhrifum þess á lífríki sjávar.

Reykjavík, 19. apríl 2023

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson